



**Alþjóðasamningur um
afnám alls
kynþáttamisréttis**

Dreifing:
ALMENN
CERD/C/ICE/CO/...
...2005

ÍSLENSKA
Frummál: ENSKA

NEFND UM AFNÁM
KYNÞÁTTAMISRÉTTIS

67. þing

2. – 19. ágúst 2005

UMFJÖLLUN UM SKÝRSLUR FRÁ AÐILDARRÍKJUM SKV. 9. GR. SAMNINGSINS

Lokaathugasemdir nefndarinnar um afnám kynþáttamisréttis

ÍSLAND

1. Nefndin fjallaði um 17. og 18. reglulega skýrslu Íslands, sem skila átti á tímabilinu 2002 til 2004 og lögð var fram sem eitt skjal (CERD/C/476/Add.5) á 1715. og 1716. fundi nefndarinnar (CERD/C/SR.1715 og 1716) 10. og 11. ágúst 2005. Hún samþykkti neðangreindar lokaathugasemdir sínar á 1725. fundi sínum, sem haldinn var 17. ágúst 2005.

A. Inngangur

2. Nefndin fagnar skýrslunni frá Íslandi, sem er í samræmi við leiðbeiningarreglur nefndarinnar um skýrslugerð, svo og ítarlegum skriflegum og munnlegum svörum sendinefndarinnar við spurningum sem nefndin lagði fram. Nefndin fagnar því einnig hversu tímanlega og reglulega þetta aðildarríki hefur skilað inn reglulegum skýrslum sínum. Nefndin gleðst yfir því tækifæri sem þannig gefst til þess að eiga samfelldar og uppbyggilegar viðræður við aðildarríkið.

B. Jákvæðir þættir

3. Nefndin fagnar því að aðildarríkið hefur fullgilt fjölda mannréttindasamninga frá því að fjallað var um fimmtánda og sextánda reglulegu skýrslurnar árið 2001, þ.m.t. valkvæða viðauka við Samninginn um réttindi barnsins, svo og svæðisbundna samninga sem fjalla um efni sem falla undir starfssvið nefndarinnar.
4. Nefndin lýsir ánægju sinni með að nýlegar lagabreytingar bæta lagalega stöðu erlendra ríkisborgara, svo sem lög um atvinnuréttindi útlendinga árið 2002, breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna árið 2002, þar sem útlendingum er veittur kosningaréttur og kjörgengi við sveitarstjórnarkosningar, svo og beiting þessarar lagabreytingar í fyrsta skipti í kosningunum árið 2002, þar sem um 1000 útlendingar nýttu sér kosningarrétt sinn.
5. Nefndin fagnar skipun flóttamannaráðs og innflytjendaráðs, þar sem sæti eiga fulltrúar frá hlutaðeigandi ráðuneytum og einn fulltrúi innflytjenda, en ráðið hefur það hlutverk að gera tillögur um stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda og hafa umsjón með samræmingu á þjónustu og upplýsingum til innflytjenda.

6. Nefndin lýsir ánægju með að Hæstiréttur Íslands hefur með dómi í apríl 2002 staðfest refsisdóm yfir einstaklingi á grundvelli 233. gr. a almennta hegningalaga fyrir að hafa veist að hópi fólks með opinberum hætti vegna þjóðernis þess, litarháttar og kynþáttar.
7. Nefndin fagnar stofnun embættis tengiliðar lögreglu í Reykjavík og fólks af erlendum uppruna árið 2002, en embættið hefur m.a. það hlutverk að vísa kærnum útlendinga til lögbærra stjórnvalda.

C. Áhyggjuefni og tilmæli

8. Nefndin vekur athygli á því að samningurinn hefur ekki verið tekinn upp í löggjöf aðildarríkisins.
Nefndin hvetur aðildarríkið til þess að íhuga að taka efnisákvæði sammingsins upp í lög með það fyrir augum að tryggja alhliða vernd gegn kynþáttamismunun.
9. Þótt viðurkennt sé að ekki sé um að ræða alvarlega félagslega árekstra í íslensku samfélagi telur nefndin engu að síður að aðildarríkið ætti að grípa til forvarnaaðgerða til þess að koma í veg fyrir kynþáttamismunun eða skort á umburðarlyndi sem því tengist (2. gr.)
Nefndin minnir á að hugmyndin um forvarnir kemur fram í mörgum ákvæðum sammingsins og hvetur aðildarríkið til þess að grípa til beinna aðgerða til þess að koma í veg fyrir kynþáttamismunun á öllum sviðum og hugleiða í því skyni möguleika á því að taka upp alhliða löggjöf gegn mismunun þar sem meðal annars er kveðið á um áhrifarík úrræði gegn kynþáttamismunun í einkamálum og stjórnsýslumálum.
10. Nefndin vekur athygli á því að bein framlög til Mannréttindaskrifstofu Íslands hafa verið felld niður í fjárlögum fyrir árið 2005 og að fé sem áður var ætlað stofunni hefur verið veitt til mannréttindaverkefna almennt (e-liður 1. gr. 2. gr.).
Nefndin hvetur aðildarríkið til þess að halda áfram samstarfi sínu við frjáls félagasamtök í baráttunni gegn kynþáttamismunun, þ.m.t. að hjálpa til við að tryggja fullnægjandi fjármögnun og sjálfstæði slíkra samtaka og hafa hugfast að skv. e-lið 1. mgr. 2. gr. sammingsins skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til að efla, þar sem slíkt á við, samtök og hreyfingar sem vinna að sameiningu kynþátta og afnámi hindrana á grundvelli kynþáttar.
11. Þótt nefndinni sé kunnugt um að starfslið í landamæralögreglunni hljóti þjálfun á sviði alþjóðlegra mannréttinda og löggjafar um flóttamenn hefur nefndin áhyggjur af tilvikum sem greint hefur verið frá um að umsóknir um hæli fái ekki alltaf rétta meðferð hjá landamæravörðum (5. gr.).
Nefndin hvetur aðildarríkið til þess að efla viðleitni til þess að veita landamæravörðum skipulega þjálfun með það fyrir augum að auka þekkingu þeirra á öllum viðeigandi þáttum flóttamannaverndar svo og á því ástandi sem ríkir í upprunalöndum hælisleitenda.
12. Þótt nefndinni sé ljóst að krafan um að erlendum maki, sambúðarmaki eða samvistarmaki þurfi að hafa náð 24 ára aldri til þess að öðlast dvalarleyfi sem aðstandandi sé ætluð til þess að koma í veg fyrir málamynda- eða nauðungarhjórabönd hefur nefndin engu að síður áhyggjur af því að þessi krafa kunni að leiða til mismununar í ljósi þess að lágmarkshjúskaparaldur skv. íslenskum hjúskaparlögum er 18 ár (iv. tl. d-liðar 5. gr.).
Nefndin beinir þeim tilmælum til aðildarríkisins að þessi aldurskrafa verði endurskoðuð og aðrar leiðir kannaðar til þess að koma í veg fyrir málamynda- og nauðungarhjórabönd.

13. Þótt nefndinni sé ljóst að útgáfa tímabundinna atvinnuleyfa til vinnuveitenda erlendra starfsmanna fremur en til starfsmanna sjálfra hafi þann tilgang að gefa betri yfirsýn yfir ástand á vinnumarkaði og að afrit af slíkum atvinnuleyfum, þar sem fram kemur sá dagur sem leyfin renna út, séu afhent starfsmönnum, sem heimilt er að skipta um starf á gildistíma leyfisins, hefur nefndin áhyggjur af því að þessi staða mála geti haft í för með sér brot á atvinnurétti erlendra verkamanna (i. tl. e-liðar 5. gr.)
Nefndin minnir á almenn tilmæli sín nr. 30 um mismunun gegn útlendingum og beinir þeim tilmælum til aðildarríkisins að styrkja réttarfarslegar öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir slík brot og tryggja að erlendir verkamenn njóti verndar gegn mismunun, einkum að því er varðar starfsskilyrði og starfskröfur.
14. Nefndin hefur áhyggjur af tilvikum sem greint hefur verið frá þar sem synjað hefur verið um aðgang að opinberum samkomustöðum á borð við veitingastaði, dansstaði o.fl. á grundvelli kynþáttar og vekur athygli á því að ekki hafa fallið dómur skv. 180. gr. almennra hegningalaga sem bannar misrétti af slíkum toga.
Nefndin minnir á rétt allra til aðgengis að opinberum samkomustöðum án mismununar og beinir þeim tilmælum til aðildarríkisins að reglum um sönnunarbyrði verði breytt í þá veru að í einkamálum sem lúta að synjun um aðgang að opinberum samkomustöðum á grundvelli kynþáttar, litarháttar, uppruna eða þjóðernis, þar sem einstaklingur hefur leitt líkum að því að hann hafi orðið fyrir slíkri synjun, skuli það koma í hlut varnaraðila að sýna fram á hlutlæga og eðlilega réttlætingu á mismununinni.
15. Nefndin lýsir áhyggjum sínum af því að hælisleitendur sem synjað er um hæli eða sem Útlendingastofnun hefur ákveðið að vísa úr landi eigi ekki önnur úrræði en að vísa ákvörðuninni til dómsmálaráðherra sem eftirlitsaðila, en ákvörðun ráðherra sæti aðeins takmarkaðri endurskoðun dómstóla á málsmeðferð frekar en efnislegri umfjöllun (6. gr.).
Nefndin beinir þeim tilmælum til aðildarríkisins að íhuga að innleiða fulla endurskoðun af hálfu sjálfstæðs úrskurðaraðila á ákvörðunum Útlendingastofnunar og/eða dómsmálaráðherra um að hafna umsóknum um hæli eða vísa hælisleitendum úr landi.
16. Nefndin vekur athygli á því að á Íslandi er ekki starfandi landsstofnun um mannréttindi sem samræmist svonefndum Parísarreglum um stöðu og starfsemi slíkra stofnana.
Nefndin beinir þeim tilmælum til aðildarríkisins að íhuga að setja á laggirnar landsstofnun um mannréttindi í samræmi við Parísarreglurnar um stöðu landsstofnana (ályktun allsherjarráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 48/134).
17. Nefndin hvetur aðildarríkið til þess að íhuga að fullgilda samninginn frá 1954 um stöðu ríkisfangslausra, samninginn frá 1961 um að draga úr ríkisfangsleysi, og ljúka fullgildingarferlinu varðandi viðauka við Evrópusamninginn um vefglæpi.
18. Nefndin beinir þeim tilmælum til aðildarríkisins að taka mið af viðeigandi ákvæðum í Durban-yfirlýsingunni og aðgerðaáætluninni þegar samningurinn er tekinn upp í landslög, einkum að því er varðar 2.-7. gr. samningsins, og að í næstu reglubundnu skýrslu verði m.a. settar fram upplýsingar um aðgerðaráætlanir eða aðrar ráðstafanir til þess að framkvæma Durban-yfirlýsinguna og aðgerðaáætlunina á Íslandi.
19. Nefndin mælir með því að aðildarríkið haldi áfram að birta reglubundnar skýrslur sínar til nefndarinnar, svo og athugasemdir og niðurstöður nefndarinnar varðandi skýrslurnar.
20. Nefndin beinir þeim tilmælum til aðildarríkisins að skila inn 19. og 20. skýrslu sinni í einni skýrslu, en skiladagur hennar er 4. janúar 2008.